

Fundargerð 74. fundar stjórnar Próunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 27. desember 2012, kl. 16:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Sigrún Árnadóttir,
Friðjón Einarsson,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.
Sigurður Harðarsson og Ingvar Garðarsson komu inn á fundinn undir 2. lið.
Inga Sólnes boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Háskólavellir – fjárhagsleg endurskipulagning*
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórnarmenn um framvindu málsins frá síðasta stjórnarfundi. Centra fyrirtækjaráðgjöf kynnti vinnu sína við verkefnið. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.
3. *Gagnavarslan - beiðni.*
Framkvæmdastjóri fór yfir beiðni Gagnavörslunnar og kynnti það sem farið hefur fram á fundum með Gagnavörslunni fram að þessu.
Stjórn var sammála um að gera skilmálabreytingu á veðskuldabréfi gagnvart því að lengja lánstíma og að gjalddagi lánsins verði 31. desember 2016.
Gagnavörslunni er boðið að borga helming af áföllunum vöxtum ársins 2012 nú en afgangur þeirra verði færður afturfyrir og bætt við höfðustól. Í framhaldinu skal Gagnavarslan greiða áfallna vexti tvisvar sinnum á ári, þann 30. júní og 31. desember.
Stjórn samþykkti einnig að fela framkvæmdastjóra umboð til að vinna að lausn með Gagnavörslunni varðandi ógreidda lóðaleigu.

Ekkert var rætt undir önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

